

Þá skal skipstjóri kl. 8-10 að morgni tilkynna til Fiskistofu um eftirfarandi atriði:

1. Staðsetningu skips og komi þar fram, hvort skipið er á leið á miðin eða í höfn eða sé á miðunum.
2. Aflamagn um borð sé skip á landleið eða á miðunum.

Í tilkynningum til Fiskistofu skal koma fram skipaskrárnúmer skips, nafn þess og einkennisstafir, nafn skipstjóra og númer veiðiferðar á síldarvertíðinni.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt þessari grein eða rangar tilkynningar varða fyrirvaralausri leyfissviptingu auk viðurlaga samkvæmt 7. gr.

6. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávaraflla. Óheimilt er að landa óvigtuðum afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum, sem leyfi hafa til síldveiða og slíkar veiðar stunda að miðla afla milli sín í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Þá er og heimilt á grundvelli 19. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum vestan megin á Heiðarvegi frá Kirkjuvegi að Höfðavegi.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 12. mars 1997.

Georg Kr. Lárusson.